



## **492. fundur stjórnar SASS**

**haldinn í Pakkhúsinu á Höfn á Hornafirði  
föstudaginn 6. mars 2015 kl. 10.00**

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Anna Björg Nielsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir í stað Eggerts Vals Guðmundssonar, Ágúst Sigurðsson, Elín Einarsdóttir, Páll Marvin Jónsson, Sæmundur Helgason, Unnur Þormóðsdóttir. Sandra Dís Hafþórsdóttir komst ekki á Höfn vegna frestunar á flugi. Einnig sátu fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, og Fanney Björg Sveinsdóttir, ráðgjafi SASS á Höfn, sem jafnframt ritaði fundargerð.

**Formaður setti fundinn kl. 10.05 og bauð fundarmenn velkomna.**

### **Dagskrá:**

- 1. Fundargerð síðasta fundar undirrituð.**  
Undirrituð.
- 2. Starfsmaður Strætó, Ragnheiður Einarsdóttir, kynnir m.a. samaráætlun 2015 vegna breytinga á áætlun Herjólfis.**  
Þar sem Ragnheiður komst ekki til Hafnar vegna frestunar á flugi féll kynningin niður. Framkvæmdastjóra var falið að gera minnisblað í samráði við Ragnheiði og senda á stjórn.
- 3. Umfjöllun um skýrsluna „Stöðugreining hjúkrunarheimila á Suðurlandi“.**  
Unnur kynnti skýrsluna. Spurningalistar voru lagðir fyrir öll sveitarfélög, heilsugæslustöðvar og hjúkrunarheimili á Suðurlandi varðandi rekstur hjúkrunarheimila og stöðu öldrunarmála í heilbrigðisumdæmi Suðurlands. Niðurstöður spurningalistanna voru lagðar fram í þessari skýrslu. Unni og Þórði Frey Sigurðsson, atvinnuráðgjafa, þakkað fyrir vel unna skýrslu og góða samantekt.

Formaður lagði til að skýrslan yrði kynnt fyrir öllum þingmönnum Suðurlandshéðis þar sem staðan er grafalvarleg. Einnig lagt til að senda skýrsluna á sveitarstjórnir og á þau hjúkrunarheimili sem þátt tóku í könnuninni.

- 4. Vinnufundur stjórnar „Horft fram á veginn“, þ.m.t. umfjöllun um Sóknaráætlun 2015-2019.**  
Framkvæmdastjóri og Fanney fóru yfir glærur frá verkefnafundi ráðgjafa og verkefnastjóra SASS sem haldinn var 3. mars sl. Þar höfðu starfsmenn tekið saman þau verkefni sem þau ætla að klára fyrir sumarfrí, fyrir áramót og á næstu þremur árum.

Lagt til að setja nánari árangursmælikvarða á verkefni SASS til að sjá betur hvaða árangri verkefnin eru að skila. Einnig er mjög mikilvægt að búa yfir frekari gögnum og upplýsingum um samfélagið t.d. hversu margir starfa í hverri atvinnugrein og jafnframt að nýta þau gögn sem eru til.

Vinna þarf frekari grunn- og greiningarvinnu til að geta haldið áfram með þessa vinnu og var framkvæmdastjóra falið að gera það.

## 5. Önnur mál til kynningar og afgreiðslu.

### a) **Frumvarp til laga um almenningssamgöngur.**

Formaður og framkvæmastjóri kynntu umsögn sem unnin hefur verið fyrir SASS í tengslum við frumvarp til laga um almenningssamgöngur (um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni). Ef stjórnarmenn hafa athugasemd við drögin hafa þeir tækifæri fram til hádegis á mánudag til að gera þær en danleg útgáfa verður send nefndasviði Alþingis síðar þann dag. Framkvæmdastjóra var falið að óska eftir fundi með umhverfis- og samgöngunefnd til að fylgja umsögninni eftir.

### b) **Gjaldskrárhækkunir Strætó.**

Rætt um mikilvægi almenningssamgangna í hinum dreifðu byggðum og framkvæmdastjóri kynnti forsendur síðustu verðhækkana á gjaldskrá Strætó. Nauðsynlegt er að fara betur yfir málið með öðrum landshlutasamtökum. Framkvæmdastjóra var falið að fylgja málinu eftir.

### c) **Dagskrá skipulagsþings Suðurlands 25. mars nk.**

Framkvæmdastjóri og Ágúst kynntu drög að dagskránni en danleg útgáfa verður send út í byrjun næstu viku.

### d) **Frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands.**

Kynnti voru frumdrög að umsögn en fyrir mánudag mun framkvæmdastjóri taka saman gögn og senda á stjórnarmenn í byrjun næstu viku.

### e) **„Lífrænn úrgangur, bætt nýting minni sóun“ - kynning á ráðstefnu sem fram fer í Gunnarsholti 20. mars nk., sbr. dagskrá í viðhengi.**

Kynnt og voru fundarmenn hvattir til að mæta.

### f) **Árþing SASS 2015.**

Formaður lagði til breytingu á þegar boðaðri dagskrá og var það samþykkt. Ákveðið að halda SASS þingið dagana 29. - 30. október í Vík í Mýrdal og var framkvæmdastjóra falið að hefja undirbúning þess.

Fundi slitið kl.14.46

Gunnar Þorgeirsson  
Anna Björg Níelsdóttir  
Unnur Þormóðsdóttir  
Arna Ír Gunnarsdóttir  
Elín Einarsdóttir  
Sæmundur Helgason  
Ágúst Sigurðsson  
Páll Marvin Jónsson  
Bjarni Guðmundsson  
Fanney Björg Sveinsdóttir